

Netafritun

Helstu kostir

- Þjóðum alla nauðsynlega þætti öryggisafritunar fyrir fyrirtæki
- Er jafnt fyrir útstöðvar sem netþjóna og styður öll helstu stýrikerfi og gagnagrunna
- Gögnin þín eru varin eldsvoðum, þjófnaði, skemmdarverkum og náttúruhamförum á öruggum stað í hýsingarsal Skýrr
- 100% sjálfvirk og engin þörf á mannlegum afskiptum. Sjálfvirkni kemur í veg fyrir að vandamál komi upp vegna vanrækslu
- Auðvelt í uppsetningu



„Að tapa gögnum er eitt-hvað sem enginn vill upplifa. Netafritunin hefur reynst okkur mjög vel og engar áhyggjur að hafa hvað varðar gagnaöryggi“

Hugi Sævarsson
framkvæmdastjóri Birtingahússins

Gagnatap er martröð. Þú hefur notað tíma, peninga og orku í að safna viðskiptagögnum. Hvort sem um er að ræða tölvupóst, söluskrá, tilboð, útistandandi skuldir, sölukynningar, formúlur eða viðskiptamannaskrá eru þessi gögn það allra mikilvægasta í starfseminni þinni og þau verða ekki metin til fjár.

Öruggt

Gögnin eru geymd á öruggum stað á gagnastæðu Skýrr. Um er að ræða hágæða kóðun sem notuð er af mörgum fjölþjóðlegum bönkum sem gera kröfu um hámarksöryggi. Öll gögnin eru kóðuð með 128-bitum og þjöppuð áður en þau eru send á gagnastæðu í hýsingarsal Skýrr í gegnum örugga SSL-rás. Kóðun og afkóðun er aðeins framkvæmd á tölvu notandans og er varið lykilorði sem ekki fer með gagnaflutningunum. Því getur enginn lesið gögnin nema notandinn sjálfur.

Einfalt

Uppsetning Netafritunar er einföld í framkvæmd þar sem notendaviðmót á íslensku hjálpar þér að komast í gegnum hana skref fyrir skref. Með nokkrum smellum er forritið stillt þannig að það taki sjálfkrafa öryggisafrit af öllum gögnum í fyrirtækinu á hverjum degi. Notendur tefjast ekki þótt verið sé að taka öryggisafrit í bakgrunninum. Hægt er að taka aukaafrit eða endurheimta gögn þegar þess er þörf. Þess vegna er auðvelt að taka öryggisafrit með Netafritun.

Áreiðanlegt

Netafritun byggir á lausn sem hefur margsannað sig og hefur verið sett upp hjá hundruðum þúsunda notenda um allan heim. Afritunin sjálf fer fram í bakgrunni og þannig truflast ekki önnur vinnsla sem á sér stað á sama tíma. Ef nýta á afrit er afritunarhugbúnaðurinn notaður til að sækja þau gögn sem óskað er eftir án þess að stóla þurfi á tækni mann.

Hentar öllum

Netafritun býður upp á alla nauðsynlega þætti öryggisafritunar fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Allt frá fjölskyldubúminu eða lokaverkefni og upp í gagnagrunna eða viðskiptamannaskrá fyrirtækisins. Netafritun styður öll helstu stýrikerfi og gagnagrunna, þ.m.t. Windows Server 2000/2003/2008, Windows XP/Vista/7, Linux, Mac, Netware, UNIX, Microsoft Exchange Server, Microsoft SQL Server, Lotus Domino/Notes, Oracle og MySQL.

Hafðu samband



Jón Þór Helgason
Sími: 563 3257
GSM: 664 3257
jon.helgason@ejs.is



Guðmundur Ólafur Birgisson
Sími: 563 3195
GSM: 664 3195
gudmundur.birgisson@ejs.is